



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is
545 9700

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík 3. október 2023
Tilv.: MAR23070079/00.06

Vísað er til fyrirspurnar umboðsmanns Alþingis í máli nr. 12291/2023 og svara ráðuneytisins, dags. 21. ágúst sl.

Líkt og fram kom í skýringum ráðuneytisins laut fyrirspurn umboðsmanns að hluta til að máli sem enn var til meðferðar í ráðuneytinu. Í samræmi við það var tekið fram að upplýsingar um framvindu málsins yrðu sendar umboðsmanni þegar þær lægju fyrir. Af því tilefni skal upplýst að málinu var lokið með setningu reglugerðar nr. 895/2023, um veiðar á langreyðum, sem tók gildi hinn 1. september sl. Reglugerðin var sett að undangenginni rannsókn starfshóps sem var falið að leggja mat á leiðir til að fækka frávikum við veiðar á langreyðum. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til matvælaráðherra hinn 28. ágúst sl.

Reglugerðin og skýrsla starfshópsins fylgja hjálögð erindi þessu, ásamt afriti af samskiptum ráðuneytisins og starfshópsins við leyfishafa og öðrum gögnum sem málið varða. Tekið skal fram að ráðuneytið er nú sem fyrr reiðubúið að veita allar nánari upplýsingar og skýringar ef eftir því verður leitað.

f. h. matvælaráðherra


Benedikt Arnason


Ásgerður Snævarr